

falla niður, og kaup málsfærslumanns kirkjunnar, er ákveðst 20 kr., greiðist þá úr landssjóði.

Það vottast, að sókn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður, og málsfærslukaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar, 20 krónur, greiðist úr landssjóði.

Nr. 51/1907:

Ólafur Ólafsson
gegn

Guðmundi Þorbjarnarsyni.

Dómur:

Áfrýjandinn, Ólafur bóndi Ólafsson á Eyri í Svínadal í Borgarfjarðarsýslu, hefir höfðað mál þetta gegn hinum stefnda Guðmundi Þorbjarnarsyni húsmanni í Sandgerði á Akranesi, og hefir lýst tilefni málshöfðunarinnar á þá leið, að hann hafi 27. febr. 1906 gert þann samning við Þorbjörn heitinn Jónsson, föður hins stefnda, að ráðskona þeirra feðga, sem hann svo kallar, Katrín Gunnarsdóttir, færi sín að Eyri sem kaupakona um heyannatímann 1906, 8 til 9 vikur, fyrir 7 kr. kaup í peningum fyrir hverja viku, en svo hafi stefndi með bréfi, dags. 2. júní 1906, tilkynt sér, að stúlkunni bjóðist hærra kaup annarstaðar, og að auk þess vilji

þeir, sem bjóða að taka hana í kaupavinnu, taka með henni yfir sumarið stúlkubarn, sem hún hafði í eftir-
 dragi; þegar svo áfrýjandi hafi vitjað kaupakonu þess-
 arar samkvæmt gjörðum samningi, hafi stefndi tjáð hon-
 um að hún væri fastráðin annarstaðar, og neitað að láta
 hana fara til sín. — Að svo komnu höfðaði Ólafur
 bóndi Ólafsson mál gegn Guðmundi Þorbjarnarsyni og
 krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að greiða um-
 samið kaupgjald stúlkunnar í 8¹/₂ viku 59 kr. 50 aura
 og málskostnað eftir reikningi, en með aukaréttardómi
 Mýra- og Borgarfjarðarsýslu uppkveðnum 15. apríl f. á.
 var kröfum sækjanda hrundið, stefndi sýknaður og máls-
 kostnaður látinn falla niður. — Dómi þessum hefir
 Ólafur Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu út-
 gefinni 20. des. f. á., og hefir hann til þess fengið upp-
 reistarleyfi, gjafsókn og skipaðan málsfærslumann, og
 hefir málsfærslumaðurinn krafist þess fyrir hönd áfrý-
 janda, að dómurinn verði úr gildi feldur og breytt
 þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda
 hina umstefndu upphæð 59 kr. 50 aura og málskostn-
 að eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með tal-
 in ómakslaun til málsfærslumannsins. Af sinni hálfu
 hefir stefndi Guðm. Þorbjarnarson krafist þess, að auka-
 réttardómurinn verði staðfestur og að honum verði til-
 dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati rétt-
 arins.

Stefndi hefir kannast við, að áfrýjandi muni um það leyti, er að framan segir, hafa samið við föður sinn, Þorbjörn heitinn, um að fá Katrínu í kaupavinnu, en getur þess jafnframt, að Katrín hafi verið sín vinnukona en eigi Þorbjarnar, því að hann, Þorbjörn, hafi þá eng-

in búsforráð haft. Samt sem áður tjáist hann vilja standa við þann samning, er Þorbjörn hafi gert í þessu efni, en ágreiningurinn er um það, hvers efnis samningurinn hafi verið. Þegar þessi samningur gerðist milli áfrýjanda og Þorbjarnar, var stefndi eigi heima og kom eigi heim til sín fyr en í maímánuði um vorið (1906), en um sama leyti dó Þorbjöru faðir hans. Skýrsla Þorbjarnar hefir því eigi fengist um það, hvað þeim fór á milli, honum og áfrýjanda. En Katrín Gunnarsdóttir hefir skýrt svo frá fyrir rétti, að áfrýjandi hafi talað við sig um kaupavinnuna, áður en hann talaði við Þorbjörn um sama efni, og hafi hún þá sagt honum, að því að eins gæti hún farið til haus sem kaupakona, að hún gæti komið barni sínu fyrir í góðan stað um sumarið. Hún segist eigi vita, hvort Þorbjörn hafi sett þetta skilyrði um barnið, er hann samdi við Ólaf um kaupakonuráðninguna, en hún telur það ótrúlegt, að hann hafi eigi gert það, með því að hann hafi látið sér vera ant um barnið. Nú ritar stefndi áfrýjanda bréf 2. júní 1906, skömmu eftir að hann (stefndi) er heim kominn og rétt eftir lát Þorbjarnar, getur þess að hann ætli sér ekki að »rista kaupsamningi þeim, sem búið sé að gera,« en spyr hann (áfrýjanda) að því, hvort hann gangi að þeim kjörum, að Katrín hafi telpuna með sér (í kaupavinnuvistina) fritt yfir sumarið«. Stefndi tjáist eigi hafa fengið neitt svar upp á þetta bréf og fyrirspurnina í því, og réði hann þá stúlkuna annarstaðar í kaupavinnu, þar sem hún gat haft barnið með sér. Sjálf hefir Katrín borið það, að hún hafi reynt að koma barninu fyrir yfir sumarið, en að það hafi ekki tekist.

Eftir öllum málavöxtum verður að líta svo á, að

Það hafi verið eðlilegt skilyrði fyrir ráðningu Katrínar í kaupavinnuna, að hún mætti hafa barnið með sér, ef henni tækist eigi að koma því fyrir annars staðar einu sér, og þar sem áfrýjandi eigi vildi taka barnið með henni, verður eigi álitid, að stefndi hafi ólöglega rofið gjörðan samning með því að ráða Katrínu annarstaðar í kaupavinnu, þar sem hún gat haft barnið með sér. Það verður því að sýkna stefnda í málinu og staðfesta aukaréttardóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans. En málskostnað fyrir yfirdómi verður áfrýjandi eftir þessum úrslitum að greiða stefnda, og ákveðst hann 20 kr. Málsfærslukaup hins skipaða málflytningsmanns hans fyrir yfirdóminum, er einnig ákveðst 20 kr., greiðist úr landsjóði.

Það vottast, að sókn málsins hafi verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Ólafur Ólafsson greiði stefnda Guðmundi Þorbjarnarsyni 20 kr. sem málskostnað fyrir yfirdómi. Málflytningsskaup hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda, yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar, 20 kr., greiðist úr landssjóði. — Málskostnaðurinn greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-öðför.